



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Umsögn um stjórnarhætti: Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Lánasjóður sveitarfélaga ohf. fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af endurskoðendafyrirtækinu Deloitte ehf. í janúar 2013.

Niðurstaða úttektar Deloitte ehf. á stjórnarháttum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er skilgreint í lögum nr. 150/2006, um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Stjórnin hefur stefnumótunar- og eftirlitshlutverk. Skýr verkaskipting er á milli stjórnar og framkvæmdastjóra og hafa verið samþykktar starfsreglur stjórnar (yfirfarnar 6. nóvember 2012) og starfsreglur framkvæmdastjóra (11. desember 2012).

Hvað má betur fara: Tiltölulega stutt er síðan starfsreglur framkvæmdastjóra voru samþykktar og því mikilvægt að endurskoða þær vel í tengslum við endurskoðun á starfsreglum stjórnar. Þegar kemur að hlutverki stjórnar er mikilvægt að skoða stefnumótunarhlutverkið annars vegar og eftirlitshlutverkið hins vegar og meta hvort þessi hlutverk fari saman í félaginu.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verkefni stjórnar eru ágætlega skilgreind í starfsreglum stjórnar. Verkefni stjórnar eru í samræmi við hlutverk og starfsreglur stjórnar.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki metið störf sín formlega með tilliti til þess hlutverks og þeirra verkefna sem hún hefur en ákvæði um slíkt mat var samþykkt í starfsreglum stjórnar í nóvember 2012. Mikilvægt er að setja skýrar reglur um trúnaðarskyldu stjórnar.

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin er virk miðað fjölda og lengd funda (12 stjórnarfundur á ári og 3 klst að jafnaði hver fundur). Tvær undirnefndir starfa undir stjórninni; endurskoðunarnefnd og tilnefningarnefnd.

Hvað má betur fara: Skoða þarf sérstaklega upplýsingagjöf til stjórnar og skilgreina, t.d. varðandi samskipti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra á milli funda, aðgengi stjórnarmanna að fundargögnum fyrir og eftir fundi og upplýsingagjöf og þjálfun nýrra stjórnarmanna. Einnig þarf að hafa skýrar reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga. Búa þarf til formlega umgjörð um starfsemi tilnefningarnefndar.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin er virk og gefur sér tíma til að fjalla um mikilvæg mál á stjórnarfundum og óskar eftir gögnum ef þörf þykir. Áhersla er lögð á að skilgreina hvaða stjórnarmenn eru venslaðir aðilar í ákveðum málum og að venslaðir aðilar fái ekki gögn og taki ekki þátt í umræðum eða ákvarðanatöku.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins. Stjórn félagsins skipa: Magnús B. Jónsson (stjórnarformaður), Kristinn Jónasson, Elliði Vignisson, Helga Benediktsdóttir og Svanfríður Inga Jónasdóttir. 40% stjórnarmanna eru konur og 60% þeirra eru karlmenn.

Hvað má betur fara: Enginn stjórnarmanna getur talist óháður en lagt er til í leiðbeiningum um stjórnarhætti að meirihluti stjórnar skuli vera óháður félaginu. Skoða þarf hvort æskilegt sé að allir stjórnarmenn séu starfsmenn sveitarstjórna. Stjórnarformaður hefur gegnt því starfi síðan 2003. Æskilegt er að setja viðmið um hversu lengi aðilar geta verið stjórnarformenn í opinberum hlutafélögum.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áður nefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.